

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Deiliskipulag Hafnarsvæði Ólafsvíkur.

Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir deiliskipulag hafnarsvæði Ólafsvíkur, Snæfellsbæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Kinnar.

Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Kinnar. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 10. febrúar 2004.

Smári Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

9. febrúar 2004

Nr. 135

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Austurbyggð.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Austurbyggð annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Sveitarfélagið sér um meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og förgun úrgangs frá atvinnuhúsnæði. Frá atvinnuhúsnæði er einnig hreinsaður kaffistofuúrgangur. Unnt er að semja um aðra þjónustu varðandi meðhöndlun úrgangs frá atvinnurekstri.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfsemi, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd meðhöndlunar úrgangs. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands í umbóði sveitarfélagsins og skal stjórn Sorpsamlagsins sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

3. gr.

Húsráðendum, forsvarsmönnum fyrirtækja eða stofnana á starfsvæði Sorpsamlags Mið-Austurlands er skylt að nota þær aðferðir og flát við geymslu úrgangs og hreinsun sem sveitarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Sorpílát skulu fest með búnaði sem samþykktur er af Sorpsamlagi Mið-Austurlands.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða.